

Norðfjörð einn. Annan sakarkostnað greiði ákærðu A og Snorri Norðfjörð Haraldsson óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1985.

Nr. 190/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ómari Sveinssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sakhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. júlí 1985 að ósk ákærða og af ákærvaldsins hálfu til þyngingar, en frá þeirri kröfu hefur verið fallið við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 1. þ.m.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit af dómum sakadóms Vestmannaeyja í málum ákærvaldsins gegn ákærða, uppkveðnum 29. desember 1982 og 30. mars 1984. Af þeim kemur fram, að ákærði sætti geðrannsókn í sambandi við fyrra málið, og er í dómunum reifuð skýrsla Lárusar Helgasonar yfirlæknis um rannsóknina. Í skýrslunni kemur fram, að ákærði þjáist af skemmdum í miðtaugakerfi, sem leitt hafa til truflunar á andlegu og líkamlegu heilsufari hans. Er hann álitinn á mörkum sakhæfis og ekki talið, að refsing muni bera árangur. Tekið er fram, að refsivist kynni að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir ákærða.

Í dómum þessum var dæmt, að ákærði væri sakhæfur, og við það er einnig miðað í hinum áfrýjaða dómi.

Með því að vera ölvaður við akstur bifreiðar hefur ákærði, þegar litið er til alkóhóls, sem mældist í blóði hans, brotið gegn 2., sbr.

4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og þar sem hann hafði verið sviptur rétti til ökuleyfis, hefur hann enn fremur brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Gögn þau, sem að ofan var lýst, þykja eigi gefa tilefni til þess að meta ákærða ósakhæfan, en við ákvörðun refsingar þykir þó eiga að líta til þeirra. Þykir, eins og hér stendur á, mega beita sektarrefsingu. Verður refsingin samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976 ákveðin 25.000,00 króna sekt og vararefsing sektar 25 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi og um sakarkostnað.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ómar Sveinsson, greiði 25.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar ákærða til þess að öðlast ökuleyfi og um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 4. júlí 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 2. þ.m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, dagsettu 30. maí sl., á hendur Ómari Sveinssyni sjómanni, Brimhólabraut 14, Vestmannaeyjum, fæddum 20. janúar 1959 í Vestmannaeyjum, „fyrir að aka, föstudaginn 1. mars 1985, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til ökuleyfis, bifreiðinni V-720 um götur Vestmannaeyjakaupstaðar uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Vallargötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar

til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur sætt refsingum, sem hér segir:

1982 29/12 í Vestmannaeyjum: Dómur: Sýknaður af ákæru f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl. og 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl.

1984 30/3. í Vestmannaeyjum. Dómur: 24.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 3 ár frá 7/5 1984.

Málavextir.

Sunnudaginn 3. febrúar 1985, kl. 07:45, var einn lögreglumaður úr lög-
regluliði Vestmannaeyja í eftirlitsferð um kaupstaðinn í lögreglubifreiðinni
V-2000. Er hann ók suður Skólaveg, veitti hann athygli bifreiðinni V-720,
þar sem henni var ekið ógætilega, að mati lögreglumannsins, vestur
Hvítingaveg og yfir gatnamót Skólavegar og Brekastígs. Veitti hann bifreið-
inni eftirför vestur Brekastíg og gaf ökumanni hennar, ákærða í máli þessu,
merki um að stöðva bifreiðina. Stöðvaði ákærði bifreiðina, er hann hafði
beygt Vallargötu til suðurs.

Færði lögreglumaðurinn ákærða á lögreglustöð fyrir varðstjóra. Þar
meðgekk ákærði að hafa verið að aka bifreið og að hafa fundið til áfengis-
áhrifa við aksturinn.

Kl. 07:55 kom læknir á lögreglustöð og tók blóðsýni úr ákærða, sem
að svo búnu var frjáls ferða sinna.

Bifreiðin V-720 var færð að lögreglustöð og kveikjuláslyklar hennar settir
í vörslu varðstjóra.

Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða þannig lýst,
að áfengisþefur af andardrætti hafi verið nokkur, andlit þrútið, fatnaður
snyrtilegur, framkoma kæruleysisleg, augu dauf, jafnvægi óstöðugt, málfar
þvöglulegt og framburður ruglingslegur.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndist magn alkóhóls í blóði
2.56‰.

Við lögreglurannsókn málsins skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið
í samkvæmi „vestur í blokkum“ aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar ásamt
Guðmundi Tómassyni, Illugagötu 2, Vestmannaeyjum, og fleirum. Hefði
Guðmundur lánað honum bifreið sína, V-720, sem staðið hefði við umrætt
fjölbýlishús, og hefði hann ekið bifreiðinni þaðan niður í bæ í tilteknum
erindagjörðum. Er hann var á leiðinni til baka að áður nefndu húsi, hefði
lögreglan stöðvað akstur hans á Vallargötu á mótis við húsið Skóga.

Ákærði kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Jafnframt kvaðst hann vera ökuréttindalaus.

Vitnið Guðmundur Tómasson skýrði svo frá við lögreglurannsókn málsins, að það hefði farið „vestur í blokkir“ snemma nætur sunnudaginn 3. febrúar sl. í bifreið sinni og hefði ákærði verið með honum í för.

Einhvern tíma síðla nætur hefði ákærði komið að máli við vitnið og sagt, að hann ætlaði að fara á bifreið þess í tilteknum erindagjörðum. Kvaðst vitnið hafa tekið þessu sem gríni hjá ákærða, þar sem því hefði verið kunnugt um, að ákærði hefði ekki ökuréttindi og því ekki sinnt þessu frekar.

Vitnið kvaðst hafa skilið kveikjúláslykla bifreiðarinnar eftir á borði í íbúðinni og hefði ákærði tekið lykklana og farið í bifreiðinni, en nokkru síðar hefði hann komið aftur og sagt, að lögreglan hefði staðið hann að verki við akstur bifreiðarinnar.

Vitnið sagði, að það hefði ekki lánað ákærða bifreiðina, en vel mætti vera, að ákærði hefði skilið vitnið svo, að hann mætti fara á bifreiðinni, þar sem vitnið hefði ekki sinnt því að svara ákærða, þegar hann sagðist fara á bifreiðinni. Þess vegna hefði vitnið ekki í hyggju að kæra ákærða vegna töku bifreiðarinnar.

Ákærði kom fyrir dóm hinn 2. þ.m. og var þá birt ákæran. Hann kvaðst vilja leiðrétta dagsetningu brotsins í ákæruskjali. Það hefði átt sér stað sunnudagsmorguninn 3. febrúar 1985.

Ákærði kvaðst ekki muna, hve löngu fyrir aksturinn hann hóf að neyta áfengis, en hann hefði m.a. verið við drykkjuna á veitingastaðnum Skansinum og haldið henni áfram í íbúð í fjölbýlishúsi við Áshamar hér í bæ. Ekki kvaðst ákærði vita, hve mikils magns áfengis hann neytti né heldur hvaða áfengistegundir um var að ræða.

Einhvern tíma um morguninn kvaðst ákærði hafa farið út úr áðurnefndu fjölbýlishúsi við Áshamar og sest undir stýri bifreiðarinnar V-720, sem stóð fyrir utan fjölbýlishúsið. Kvaðst hann hafa haft leyfi Guðmundar Tómassonar, eiganda bifreiðarinnar, fyrir afnotum af henni.

Ákærði kvaðst síðan hafa ekið bifreiðinni, sviptur rétti til að öðlast öku-leyfi, um götur Vestmannaeyjakaupstaðar, uns lögreglumaður hafði afskipti af akstri hans á Vallargötu. Kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en ekki neytt áfengis við hann.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er heimfærð til rétttra refsíákvæða.

Í ákæruskjali er ákærði sagður hafa framið brotið hinn 1. mars 1985, en samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að það var framið hinn 3. febrúar 1985. Eigi þykir þessi villa í ákæruskjali þó girða fyrir, að unnt sé að dæma ákærða áfall, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Eins og að framan er rakið, var ákærði með dómi sakadóms Vestmannaeyja, uppkveðnum 30. mars 1984, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 ár frá 7. maí s.á. Ofanefndur dómur hefur ítrekunaráhrif á það brot ákærða, sem hér er til umfjöllunar, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir, ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi. Þar sem hér er um ítrekað brot að ræða ber að svipta ákærða þessum rétti ævilangt frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Júlíus B. Georgsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ómar Sveinsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.